



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 27. júní, 2007

Ákvörðun nr. 31/2007

Ófullnægjandi upplýsingagjöf vegna samruna VBS og FSP

I.

Málsatvik og málsmeðferð

Með bréfi dagsettu 7. maí 2007 var tilkynnt um samruna VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf. Samrunatilkynning þessi uppfyllti ekki skilyrði þau sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 881/2005 um tilkynningu samruna og hófst því sá frestur sem Samkeppniseftirlitið hefur til þess að tilkynna um frekari rannsókn samruna sbr. 4. mgr. 17. gr. ekki við móttöku bréfsins.

Með bréfi dagsettu 10. maí síðastliðinn tilkynnti Samkeppniseftirlitið aðilum um þá afstöðu stofnunarinnar að sú tilkynning sem barst eftirlitinu þann 7. maí 2007 hefði væri ófullnægjandi og beindi þeim tilmælum til aðila að bæta úr þeirri tilkynningu. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 57/2007 sem varð að 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og gildi tók 27. mars 2007 leggur Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn „tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr.". Í tilkynningarskyldunni felst að veita skuli fullnægjandi upplýsingar um viðkomandi samruna, sbr. einnig reglur nr. 881/2005. Samruni VBS fjárfestingabanka hf. og FSP hf. átti sér stað eftir gildistöku þessara breytingarlaga og hóf Samkeppniseftirlitið því sjálfstæða rannsókn á því hvort til greina kæmi að leggja á VBS fjárfestingarbanka hf. stjórnvaldssektir vegna hugsanlegra brota á tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga með bréfi dagsettu 23. maí. Í því bréfi var VBS gefinn kostur á að tjá sig um mögulegar sektir. Bárust engin sjónarmið frá VBS innan tilskilins frests en í tölvupósti sem barst 23. júní koma fram sjónarmið VBS um mögulegar sektir.

Frekari upplýsingar vegna samrunans bárust Samkeppniseftirlitinu þann 25. maí eftir að ítrekað hafði verið óskað eftir þeim. Taldi Samkeppniseftirlitið að með þeirri upplýsingagjöf hefði VBS fullnægt efnislega skyldu sinni til þess að tilkynna um samruna í samræmi við ákvæði 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur



um tilkynningu samruna nr. 881/2005. Var aðilum tilkynnt þar um með bréfi dagsettu 30. maí.



II. Niðurstaða

1. Samrunaskrá VBS

Bréf VBS fjárfestingarbanka sem dagsett var 7. maí barst viku eftir að samruni VBS og FSP var samþykktur af hluthafafundi félaganna 30. apríl. Í 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga segir:

„Tilkynna skal Samkeppniseftirlitinu um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst.“

Vika var liðin frá því að hluthafafundur samþykkti samruna aðila og er því ljóst að tilkynningarskylda hafði stofnast og vikufrestur 3. mgr. 17. gr. leið eigi síðar en þann dag sem samrunaskrá barst.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. reglna um tilkynningu samruna nr. 881/2005 hvílir skyldan til þess að tilkynna um samruna á því fyrirtæki sem eignast ráðandi hlut í öðru fyrirtæki. Þar sem FSP er sameinað VBS með því að FSP verður lagt niður en hluthafar FSP fá hlutabréfi í VBS í samræmi við hlutafjáreign sína hvílir skyldan til þess að tilkynna um samrunann á VBS.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga setur Samkeppniseftirlitið reglur um hvaða upplýsingar skuli koma fram í tilkynningu um samruna. Í viðauka við reglurnar eru tilgreindar ítarlega þær upplýsingar sem fylgja skulu samrunaskrá. Í þeirri samrunaskrá sem barst frá VBS þann 7. maí var meðal annars öllum spurningum VI. kafla reglna um tilkynningu samruna svarað með „á ekki við“. Svipað var upp á teningnum hvað varðar VII. kafla samrunaskrárinnar. Með því að þessar upplýsingar skorti var Samkeppniseftirlitinu ómögulegt að taka afstöðu til samruna aðila og var samrunaskránni því verulega áfátt hvað þetta varðar.

1.1. Andmæli VBS

Samkeppniseftirlitinu bárust athugasemdir frá VBS vegna hugsanlegra sekta með tölvupósti 25. júní. Í póstinum sagði meðal annars:

„Þegar að fulltrúar VBS og FSP hf. sendu inn tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna félaganna þá var það í þeirri trú að um fullnægjandi tilkynningu væri að ræða.“

Samrunaaðilum mátti eigi að síður vera ljóst að þeim væri skylt að skila öllum þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í viðauka við reglur um tilkynningu samruna nr. 881/2005 en það kemur meðal annars skýrlega fram í 6. gr. reglnanna. Í samrunaskrá aðila var ekki gerð grein fyrir öllum þeim liðum sem taldir eru upp í viðauka við reglur um tilkynningu samruna.



Jafnframt kom fram í andmælum VBS að Samkeppniseftirlitið hefði ekki kveðið á um sérstakan frest til úrbóta í bréfi sínu dags. 10. maí, jafnframt því sem Samkeppniseftirlitið hefði þar ekkert tekið fram um hugsanlegar sektir.

Skylda til þess skila inn samrunatilkynningu samkvæmt samkeppnislögum er lögbundin og hvílir á samrunaaðilum. Sérstaklega er mælt fyrir um frest til þess að skila inn samrunaskrá í 17. gr. samkeppnislaga. Er því engin sérstök ástæða fyrir Samkeppniseftirlitið að kveða á um aðra fresti. Samkeppniseftirlitið tekur afstöðu til mögulegra sekta í sérstöku stjórnslumáli og verður því að teljast óþarft að láta sérstaklega getið um möguleikann á slíku þegar Samkeppniseftirlitið lætur í ljós þá afstöðu sína að samrunaskrá sé ófullnægjandi enda er sérstaklega mælt fyrir um sektir í samkeppnislögum.

1.2. Niðurstaða

Þar sem fullnægjandi samrunaskrá barst ekki fyrr en eftir þann frest sem 17. gr. samkeppnislaga veitir fólst í háttsemi VBS brot gegn þessari sömu grein.

2. Viðurlög

Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sbr. 2. gr. laga nr. 52/2007 um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005 leggur Samkeppniseftirlitið sekt á félög sem brjóta gegn tilkynningarskyldu skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ummælum greinargerðar um ákvæðið segir meðal annars:

„Þá er lagt til að Samkeppniseftirlitið leggi á stjórnvaldssektir hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja brotið gegn ákvörðunum eftirlitsins á grundvelli 14., 15., 16. og 17. gr. Nokkuð hefur borið á því í framkvæmd að fyrirtæki hafi skirrst við að tilkynna um samruna, þrátt fyrir skýra skyldu þar að lútandi í 17. gr. laganna. Þá hefur einnig borið á í framkvæmd að skylda til að veita upplýsingar og afhenda gögn skv. 19. gr. laganna sé ekki virt í hvívetna. Því er lagt til að Samkeppniseftirlitið skuli leggja stjórnvaldssektir á þau fyrirtæki sem brjóta gegn þeim ákvæðum laganna.“

Jafnframt kemur fram í athugasemdunum að ekki sé ætlunin að breyta sektarákvörðunum eða því að framkvæmd í EES/EB-samkeppnisrétti verði höfð til hliðsjónar sektarákvörðunum. Við mat á sektum skal meðal annars hafa til hliðsjónar eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum telur Samkeppniseftirlitið að hóflega ákvörðuð sekt sé 250.000 krónur. (var það ekki örugglega 200 en 250 þús)

Ákvörðunarorð:

„Vegna brots VBS fjárfestingarbanka gegn tilkynningarskyldu 17. gr. samkeppnislaga skal félagið greiða 250.000 krónur í sekt með vísan til heimildar í 37. gr. samkeppnislaga. Sektina skal greiða innan mánaðar frá ákvörðun þessari“



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson